

**O P I ð B R É F****1**  
1. febr.

um

að hans konunglega tign **H a r a l d u r**, Íslands prinz og Danmerkur,  
sé settur ríkisstjóri.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Þareð Vér höfum í hyggju að ferðast til útlanda og með því að hans konunglega tign ríkisarfi þá um leið dvelur erlendis, setjum Vér ríkisstjóra, samkvæmt 1. gr. í lögum 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn, er svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjarverandi, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga, bróður Vorn elskulegan, hans konunglegu tign prinz **H a r a l d** Christian Frederik, og hefir hann ríkisstjórn á hendi í Voru nafni frá þessum degi, þangað til Vér komum heim aftur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur að sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1930.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

Tryggvi Þórhallsson.